

Kjóastaðir í Biskupstungum. Efnasamsetning
heits vatns

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-87-01

KJÓASTAÐIR Í BISKUPSTUNGUM

Efnasamsetning heits vatns

Þann 22. júlí 1986 var tekið sýni af volgu vatni úr borholu í landi Kjóastaða í Biskupstungum. Holan er norðan megin á skurðbakka, sunnan vegar, milli Brúar og Kjóastaða. Lind kemur fram í skurðinum gegnt holunni og mældist hiti þar 19°C. Sýninu var dælt upp af 14 m dýpi, en ekkert vatn rann upp úr holunni. Hiti vatnsins var 18,2°C.

Sýnið hefur nú verið efnagreint á efnarannsóknastofu Orkustofnunar, og eru niðurstöður sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/kg)

Dags.	86-07-22
Númer	86-0105
Hiti (°C)	18,2
pH/°C	8,80/22
SiO ₂	36,3
Na	29,6
K	3,3
Ca	7,2
Mg	1,35
CO ₂	67,0
SO ₄	4,4
H ₂ S	<0,03
Cl	8,3
F	0,43
Uppl. efni	135

Með tilliti til þeirra efna, sem mæld voru, þá stenst vatnið kröfur sem ágætt neysluvatn. Ef nota á vatnið til fisk- eða seiðaeldis er nauðsynlegt að bera efnagreininguna undir fiskeldisfræðing. Út frá styrk ýmissa uppleystra efna í vatni má oft ráða í, hvaða hita vatnið hefur náð djúpt í jörðu. Útreikningar á slíkum efnahita benda ekki til að fá megi að ráði heitara vatn á þessum stað.

Magnús Ólafsson

05 GREINAROTRÁSARFI